

Ed. 576. Frumvarp til laga [363. mál]
um breyting á lögum nr. 58 frá 4. júní 1981, um lagmetisiðnað og Próunarsjóð
lagmetisiðnaðarins, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

1. gr.

Síðari málsg. 10. gr. laganna breytist og orðist svo:

Iðnaðarráðherra skipar Próunarsjóði lagmetisiðnaðarins fimm manna stjórn og jafnmarga til vara með eftirfarandi hætti: Tvo samkvæmt tilnefningu Sölustofnunar lagmetis og síðar Sölusamtaka lagmetisiðnaðarins, einn skv. tilnefningu sjávarútvegsráðherra, tvo án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður. Á sama hátt fer um varamenn þeirra.

2. gr.

Í stað „31. desember 1985“ í 13. gr. laganna kemur: 31. desember 1990.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að framlengdur verði gildistími þeirra ákvæða laga um lagmetisiðnað og Próunarsjóð lagmetisiðnaðarins, er varða Sölustofnun lagmetis, og að breytt verði ákvæðum um skipun stjórnar Próunarsjóðs lagmetisiðnaðarins. Frumvarpið er flutt samkvæmt tilmælum Sölusamtaka lagmetisiðnaðarins, en stjórn Sölustofnunar lagmetis telur mikilvægt, að stofnunin hafi áfram einkarétt til að annast sölu á niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum til landa þar sem ríkisstofnun, ríkið sjálft eða aðili fyrir þess hönd er aðalkaupandinn.

Með lögum nr. 51/1982 var gildistími I. kafla laganna framlengdur um eitt ár, frá 31. desember 1982 til 31. desember 1983, og með lögum nr. 77/1983 um tvö ár, frá 31. desember 1983 til 31. desember 1985.

Rök fyrir einkarétti eru m. a. þau, að í löndum Austur-Evrópu, þar sem eru mikilvæg markaðssvæði fyrir íslenskt lagmeti, er hvarvetna einn kaupandi og því ekki um neina samkeppni að ræða kaupanda megin. Slíkur kaupandi væri því, ef ekki nyti við einkaréttar Sölustofnunar lagmetis, í aðstöðu til að fara milli seljenda á Íslandi og freista þess að fá verðið lækkað. Slík tilhögun yrði íslenskum seljendum í óhag. Rétt þykir að bregðast við þessu með áframhaldandi einkarétti og jafna þar með samningsaðstöðuna. Er því lagt til, að I. kafla laga nr. 58/1981, þ. e. greinar 1.—8. að báðum meðtöldum, falli ekki úr gildi fyrr en 31. desember 1990. En rétt þykir, að einkarétturinn verði bundinn sömu skilyrðum og áður, og að því tilskildu, að starf stofnunarinnar verði áfram háð reglum 1.—8. gr. framangreindra laga nr. 58/1981.

Rétt þykir að taka nú ákvæði um skipun stjórnar Próunarsjóðs lagmetisiðnaðarins til endurskoðunar, þannig að áhrif Sölustofnunar verði aukin, enda eru fullvinnslugjöld, er aðildarfyrirtæki stofnunarinnar greiða, megintekjustofn sjóðsins. Þá þykir rétt að sjávarútvegsráðherra hafi óbundnar hendur við tilnefningu stjórnarmanns, en skv. gildandi lögum ber honum að leita ábendinga sölusamtaka íslenskra fiskframleiðenda, áður en tilnefning fer fram. Með sama hætti er talið edlilegt, að iðnaðarráðherra skipi án tilnefningar, auk formanns, annan stjórnarmann.

Samkvæmt þessu munu Iðntæknistofnun og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins ekki tilnefna menn í stjórn sjóðsins, en iðnaðarráðherra mun hafa aukinn sveigjanleika til að skipa menn í stjórn eftir því sem verkefni sjóðsins krefjast hverju sinni.

Fylgiskjal.

13. febrúar 1985.

SÖLUSTOFNUN LAGMETIS

Hr. Sverrir Hermannsson iðnaðarráðherra
Iðnaðarráðuneyti
Arnarhvoli
101 Reykjavík

Varðandi framlengingu laga um lagmetisiðnað og Próunarsjóð lagmetisiðnaðarins.

Á fundi stjórnar Sölustofnunar lagmetis 18. janúar s. l. var rætt um að ofangreind lög ganga úr gildi 31. desember 1985 og þar með ákvæði um einkarétt á sölu til ríkja í Austur-Evrópu.

Stjórn S. L. var á einu máli um, að brýna nauðsyn beri til þess að lögin verði framlengd í nokkur ár til viðbótar, a. m. k. um fimm ár — ekki síst með tiliti til þeirrar reynslu, er stofnunin hefur af þeim viðskiptaháttum, er fleiri en einn aðili koma fram gagnvart kaupendum í Austur-Evrópuríkjum. Hefur slíkt ætíð leitt til undirboða og truflana á þessum mörkuðum. Eins hafa lögin um Sölustofnunina stuðlað að festu innan samtakanna og atvinnugreinarinnar og því full ástæða til að þau lög haldi gildi sínu enn um sinn.

Við leggjum áherslu á þann vilja S. L. að óska þess við ríkisstjórnina, að hún leggi fyrir Alþingi það, sem nú situr, frumvarp um framlengingu laganna, og sendum því til áréttingar hjálögð ljósrít af bréfum frá helstu framleiðendum innan samtaka okkar. Í þeim kemur fram eindreginn vilji framleiðendanna um að S. L. verði áfram gert að starfa samkvæmt lögum með þeim réttindum og skyldum sem þeim fylgja. Þyrfti hið nýja frumvarp að verða að lögum á þingi því sem nú situr.

Virðingarfyllst

SÖLUSTOFNUN LAGMETIS

Theodór S. Halldórsson
framkvæmdastjóri